

219. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. nóvember 2023, í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: Karl Kristjánsson og varamaður hans, Rebekka Eiríksdóttir.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 218. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 218. fundar nefndarinnar, sem var haldinn 18. september 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn - Framnes og hafnarsvæði í Grundarfirði - Breyting á aðalskipulagi

Breiðafjarðarnefnd barst beiðni um umsögn frá Grundarfjarðarbæ vegna breytinga á aðalskipulagi fyrir Framnes og hafnarsvæði norður.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögn sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn og samþykkti drögin.

3. Umsögn - Hafnarsvæði norður í Grundarfirði - Deiliskipulagslýsing

Breiðafjarðarnefnd barst beiðni um umsögn frá Grundarfjarðarbæ vegna nýs deiliskipulags fyrir hafnarsvæði norður.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögn sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn og samþykkti drögin.

4. Umsögn - Vigraholt í Sveitarfélaginu Stykkishólmi - Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Breiðafjarðarnefnd barst beiðni um umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags við Vigrafjörð.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögn sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn. Ákveðið var að gera nokkrar breytingar sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun vinna áður en hann sendir uppfærðu drögin á nefndarfólkið til skoðunar og staðfestingar. Skilafrestur er 5. desember.

5. Skerðingsstaðir í Grundarfirði – nýjustu upplýsingar um stöðu mála

Breiðafjarðarnefnd hefur á síðustu árum fengið til umfjöllunar fyrirhugaða hótélbyggingu í landi Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ. Deiliskipulagið var samþykkt af hálfu sveitarfélagsins Grundarfjarðarbæjar í ágúst 2023.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði fram til kynningar frétt af vef RÚV um kæru máls eftir að deiliskipulagið var samþykkt í ágúst síðastliðinn. Fréttin um kærana er aðgengileg [hér](#).

6. Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2014-2019

Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð hefur verið í ferli síðan 2021. Náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum vinna verkefnið fyrir Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd ræddi um stöðu verkefnis á síðasta fundi og ákveðið var að Sigurður H. Árnason, nefndarmaður og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, kynni stöðu verkefnisins á næsta fundi.

Afgreiðsla:

Sigurður Árnason sagði frá stöðu verkefnisins. Náttúrustofur Vestfjarða og Vesturlands hafa komið sér saman um verkferli. Teymi hefur verið stofnað sem halda mun áfram með vinnuna. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að Breiðafjarðarnefnd fái fyrstu drög endurskoðaðrar verndaráætlunar í mars 2024.

7. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025

Breiðafjarðarnefnd hefur undirbúið framkvæmdaáætlun til 2025. Áætlunin sýnir forgangsverkefni sem hafa verið samþykkt af Breiðafjarðarnefnd og umhverfis-, orku- og loftslagsráðráðherra og framtíðarsýn sitjandi Breiðafjarðarnefndar. Framkvæmdaáætlun setur fram verkefni sem er raðað eftir mikilvægi, þau eru tímasett, og ábyrgðaraðilinn er tilgreindur. Framkvæmdaáætlun er opinbert skjal og verður öllum aðgengilegt í gegnum heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að framkvæmdaáætlun. Ákveðið var að gera nokkrar breytingar sem starfsmaður nefndarinnar mun vinna fyrir næsta fund, þar sem málið verður aftur tekið upp.

8. Landslagssamningur Evrópu og verndarsvæði Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd ræddi um Landslagssamning Evrópu á síðasta fundi og ákvað að taka málið aftur upp á næsta fundi.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi um stöðu Landslagssamningsins innan Evrópu og mögulegar afleiðingar fyrir samninginn á Íslandi.

Nefndin ræddi auk þess skýrslu um landslagsgerðir, sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun árið 2020. Hægt er að skoða umrædda skýrslu https://www.skipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Skyrslan_Lokaeintak-2-.pdf.

Ákveðið var að ræða málið áfram á næsta fundi.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í fjarfundi þann 29. janúar kl.10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.